

Mánudaginn 16. jan. 1933.

Nr. 113/1932. **Kolbeinn Guðmundsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Magnúsi Jónssyni** (Enginn).

Greiðsludómi áfrýjað til staðfestingar.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1932: Gagnstefnandi, Magnús Jónsson, greiði aðalstefnandanum Kolbeini Guðmundssyni, kr. 7349,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 6000,00 frá 1. okt. 1930 til 1. okt. 1931, af kr. 6360,00 frá þeim degi til 27. nóv. s. á. og af kr. 7708,00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 450,00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.*

#### Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta við fyrirtekt máls þessa í hæstarétti, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt þar skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er það dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útgefinni 23. sept. þ. á., skotið til hæstaréttar dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 12. maí f. á., til greiðslu á kr. 7348,00 ásamt vöxtum og málskostnaði og hefir hann krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Með því að skjöl málsins bera það eigi með sér, að neinir þeir gallar séu á meðferð málsins í hér-aði, er útiloki það, að staðfestingarkrafa áfrýjanda verði tekin til greina, ber að staðfesta dóminn.

Þar sem stefndi hafði tekið áfrýjunarstefnu í máli þessu 28. maí f. á., dóminum til breytingar, er að visu síðar var afturkölluð og þar með veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til að áfrýja til staðfestingar, þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist. Stefndi Magnús Jónsson, greiði áfrýjanda, Kolbeini Guðmundssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttatilaun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. dez. f. á., af Kolbeini Guðmundssyni, trésmið, Þingholtsstræti 26, hér í bæ gegn Magnúsi Jónssyni, prófessor í lögum, Laugaveg 3, hér í bænum til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 7348,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 6000,00 frá 1. okt. 1930 til 1. okt. f. á., af kr. 6360,00 (af þessari upphæð eru kr. 360,00 vextir) frá þeim degi til sáttakærudags 27. nóv. f. á. og loks af kr. 7708,00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að vorið 1929, hafi hann verið búinn að búa 26 ár sem leiðuliði stefnds á jörðinni Úlfljótsvatni í Grafningi, en þá orðið að fara þaðan sökum þess, að stefndur hafi vor þetta sjálfur byrjað búskap þar. Hafi það þá orðið að samkomulagi með honum og stefndum, að stefndur keypti af honum hús þau, er hann hafi átt á jörðinni svo og búpening og búslóð alla. Kveður stefnandi stefndan hafa um áramótin 1929 og 1930 skuldað sér út af kaupum þessum kr. 11000,00. Hafi kr. 8000,00 af upphæð þessari verið í skuldabréfi, útgefnu af

stefndum 23. okt. 1929, en kr. 3000,00 ósamningsbundnar. Skuldabréf þetta hafi átt að greiðast á 4 árum með 2000 króna afborgun á ári, er færi fram í fyrsta skipti 1. okt. 1930. Nú hafi stefndur aðeins greitt upp í bréfið eina afborgun og standi því eftir af því kr. 6000,00 og séu þær eftirstöðvar allar fallnar í gjalddaga vegna vanskila stefnds. Upp í ósamningsbundnu skuldina hafi stefndur hinsvegar greitt 1652,00 (af þeirri greiðslu hafi kr. 300,00 verið færðar af vangá inn á bréfið) og standi þá eftir af henni kr. 1348,00. Upphæðir þessar kr. 6000,00, kr. 1348,00 nemi samtals hinni umstefndu kröfu og þar sem stefndur hafi verið algerlega ófáanlegur til þess að greiða þær, sé mál þetta höfðað.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar hefir hann krafizt hvernig sem málið fer.

Frávisunarkröfuna byggir stefndur á því, að lögheimili hans og varnarþing séu að Árnesi og Úlfjótuvatni í Árnes-sýslu, en hann eigi ekki heima hér í bænum og sé því algerlega óheimilt að höfða mál út af hinni umstefndu kröfu hér.

Stefnandi hefir hinsvegar eindregið mótmælt frávisunarkröfu stefnds og haldið því fram, að dvöl stefnds hér í bænum sé þannig háttað, að hann verði að teljast heimilisfastur hér, og sé því mál þetta réttilega höfðað fyrir bæjarþinginu.

Það er vitanlegt, enda in confesso í málinu, að stefndur hefir fasta atvinnu hér sem prófessor í lögum við Háskóla Íslands, og verður vegna þessarar atvinnu að dvelja hér í bænum að mestu leyti ca. 9 mánuði ársins. Þá kemur það og fram, að stefndur mun hafa leigða hér íbúð allan ársins hring og að nokkur hluti fjölskyldu hans dvelst hér allmikinn hluta árs (a. m. k. meðan kennsla stendur yfir í menntaskólanum). Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að stefndur megi teljast búsettur hér, þannig að heimilt sé að stefna honum til að svara til sakar hér fyrir bæjarþinginu og verður þá frávisunarkrafa hans ekki tekinn til greina.

Til vara hefir stefndur krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt hefir hann að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun gagnstefnt aðalstefnanda með stefnu,

útgefinni 2. marz s. 1., og gert þær réttarkröfur í gagnsök-  
inni, að aðalstefnandi verði dæmdur til þess að endur-  
greiða honum kr. 2300,00, er hann hafi ofgreitt og færðar  
séu inn á fyrgreint skuldabréf, svo og til að skila skulda-  
bréfinu og loks til málskostnaðargreiðslu í gagnsök.

Sýknukröfuna af kröfum aðalstefnanda í aðalsök og  
kröfur sínar í gagnsök byggir gagnstefnandi á því, að í  
umræddu skuldabréfi er svo ákveðið, að hann skuli skyld-  
ur að taka skuldabréfið eða eftirstöðvar þess með fullu  
nafnverði sem greiðslu ef aðalstefnandi eða einhver sona  
hans endurkaupir hið selda af gagnstefnanda. Nú kveður  
gagnstefnandi skilyrði þetta eiginlega komið fram, þannig  
að eitt barna aðalstefnanda, dóttir hans, taki við um-  
ræddum verðmætum og eigi því kaupin að ganga til baka  
að því leyti sem þau séu ekki þegar uppgerð, en auk þess  
telur gagnstefnandi sig eiga heimtingu á að fá fyrirgreind-  
ar kr. 2300,00 endurgreiddar, þar sem þær hafi verið  
inntar af hendi um skyldu fram og undir röngum og  
brestandi forsendum.

Aðalstefnandi hefir mótmælt framangreindri sýknu-  
ástæðu gagnstefnanda svo og kröfum hans í gagnsök og  
krafizt sýknu af þeim. Loks hefir hann krafizt fulls máls-  
kostnaðar í gagnsök.

Af framangreindu skuldabréfsákvæði er það ljóst, að að-  
alstefnandi hefir haft rétt til að nota umrætt skuldabréf eða  
eftirstöðvar þess sem greiðslu til gagnstefnanda ef um  
endurkaup frá honum væri að ræða. Hinsvegar virðist  
aðalstefnanda ekki hafa borið nein skylda til þessa. Nú  
kemur það ekki fram í málinu að nokkur endurkaup hafi  
farið fram hjá aðalstefnanda eða ættingjum hans á eign-  
um þeim, sem gagnstefnandi keypti af honum. Og þó dóttir  
aðalstefnanda kunni að vera trúlofuð syni gagnstefnanda  
og giftist honum síðar og verði á þennan hátt aftur að-  
njótandi að einhverju leyti verðmæta þeirra, sem gagn-  
stefnandi hefir fengið frá föður hennar, skiptir það að  
álitu réttarins engu máli um gildi gerðra kaupa milli aðilja  
máls þessa eða skyldu gagnstefnanda til þess að greiða  
kaupverð það, sem stefnt er til greiðslu á. En einmitt á  
þessu atriði virðist gagnstefnandi byggja efniskröfur sín-  
ar í málinu og verður því ekki séð, að þær hafi við rök að  
styðjast.

Úrslit málsins verða þá þau hér fyrir réttinum, að aðalstefnandi verður algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, en dómkröfur hans (aðalstefnanda) í aðalsök hinsvegar teknar til greina að öllu leyti, enda hefir gagnstefnandi ekki mótmælt kröfuupphæðinni í aðalsök sérstaklega sem of hárrí, né heldur vöxtunum. Loks ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök og ákveðst hann kr. 450,00.

---

Mánudaginn 16. jan. 1933.

Nr. 175/1932. Réttvísín og valdstjórnin  
gegn

**Hjalta Benónýssyni.**

**Úrskurður hæstaréttar.**

Rannsóknardómarinn í máli þessu hefir ekki tekið skýrslu af lögreglustjóranum á Akranesi né af manni þeim, Sigurdóri Sigurðssyni, sem sagður er að hafa komið lögreglustjóranum til hjálpar í viðskiptum hans við ákærða, þeim, er mál þetta er af risið. Og var þó sérstök ástæða til að taka skýrslu af mönnum þessum, þar sem ákærður var ölvaður við umrætt tækifæri og kvaðst muna afar óglögt hvað þá gerðist. Ekki verður heldur séð, að rannsóknardómarinn hafi grenslast eftir því, hvort ákærði hafi þekkt lögreglustjóran, sem var nýkominn í kaupúnið og ekki hafði neín embættiseinkenni á sér, eða hvort ákærði hafi vitað, hvort lögreglustjórin var að gegna embættiserindum þegar ákærði veittist að honum, eða hvort lögreglustjóri benti ákærða á, að hann væri þar lögreglustjóri og að embættisverkum, eftir að viður-